	Hafnarfjarðarbær
Innk:	24/9 2015
Málsnr:	1509656
Bréfal:	515



Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 23. september 2015
Tilv.: FOR15060049/9.1.0

Efni: Eigendastefna fyrir þjóðlendum, verkefnislýsing.

Forsætisráðuneytið telur mikilvægt að fyrir liggi skýr stefna um það hvernig ríkið rækir landeigenda- og umsýsluhlutverk sitt á þjóðlendum samkvæmt lögum nr. 58/1998 og hefur því ákveðið að vinna drög að eigendastefnu fyrir þjóðlendum.

Hjálögð eru drög að lýsingu á því hvernig ráðuneytið hyggst vinna að þessu verkefni. Verkefnislýsingin er send þeim sem ráðuneytið telur helst að hafi hagsmuna að gæta og þeim sem áhrif geta haft á stefnumörkunina.

Óskað er ábendinga um verkefnislýsinguna. Dæmi um ábendingar sem gætu komið að gagni við vinnuna framundan væru t.d.:

- stefnumörkun og áætlanir sem ráðuneytið ætti að hafa til hliðsjónar við mótun eigendastefnu fyrir þjóðlendum
- sjónarmið sem ráðuneytið ætti að hafa í huga þegar ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun lands og landsréttinda
- sjónarmið sem ráðuneytið ættu að hafa í huga við ákvörðun leigugjalds og annarra skilmála í samningum sem ríkið eða sveitarfélögin gera um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna
- ábendingar um skörun á hlutverki annarra stofnana við hlutverk ráðuneytisins í stjórnsýslu þjóðlendumála
- dæmi um álitæfni sem upp hafa komið við umsýslu þjóðlendna. Hér er ekki átt við ákvarðanir eða störf óbyggðanefndar, heldur umsýslu á landi sem telst til þjóðlendna í dag.

Þess er óskað að umsagnir og ábendingar verði sendar Regínu Sigurðardóttur í forsætisráðuneytinu fyrir 9. október 2015, á netfangið regina.sigurdardottir@for.is

Fyrir hönd ráðherra


Páll Þorhallsson


Stefán Thors

Eigendastefna fyrir Þjóðlendum

Verkefnislýsing

Forsætisráðuneytið

September 2015

1. Inngangur

Í skýrslu forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landréttinda innan Þjóðlendna og tekjur af gjöldum fyrir slík réttindi sem lögð var fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014 – 2015 kemur fram að umsóknum um leyfi til framkvæmda innan Þjóðlendna fjölgaði úr 3 í 12 á milli árána 2012 og 2014. Á sama tíma varð einnig mikil fjölgun erinda þar sem óskað var eftir gerð lóðarleigusamninga. Fyrirsjáanlegt er að umsóknum mun fjölga á næstu árum og telur ráðuneytið mikilvægt að afgreiðslur erinda verði með gegnsæjum hætti á grundvelli jafnræðis, gegn gjaldi og til takmarkaðs tíma.

Í lok skýrslunnar segir eftirfarandi:

„Að lokum má þess geta að ráðuneytið hefur á síðasta ári sérstaklega litið til þess að móta þurfi stefnu um nýtingu og vernd einstakra svæða þar sem álag ferðamanna er umtalsvert eða verndargildi svæðanna hátt. Má þar nefna fyrirhugaða uppbyggingu við Fjallsárlón þar sem ráðuneytið, í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir svæðið, lagði áherslu á láttlausu uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn sem að lóninu koma. Einnig vinnu við deiliskipulag fyrir Landmannalaugar, þar sem ráðuneytið hefur lagt áherslu á gott samráð við sveitarstjórn Rangárþings ytra og loks vegna þeirra hugmynda sem fram eru komnar um lagningu vegar og háspennulínu um Sprengisand. Slík uppbygging innan Þjóðlendna kallar á að ríkisvaldið hefjist handa við það forgangsverkefni að móta eigendastefnu fyrir Þjóðlendum, m.a. á grunni þeirrar vinnu sem nú er unnið að við mótun landskipulagsstefnu fyrir miðhálandið“.

Forsætisráðuneytið telur mikilvægt að fyrir liggja skýr stefna um það hvernig ríkið rækir landeigenda- og umsýsluhlutverk sitt á Þjóðlendum samkvæmt lögum nr. 58/1998 og hefur því ákveðið að vinna drög að eigendastefnu fyrir Þjóðlendum.

2. Svæðisafmörkun Þjóðlendna

Lega og afmörkun Þjóðlendna er sýnd á mynd nr. 1. Samanlögð stærð Þjóðlendna sem úrskurðað hefur verið um er 36.981 km². Ekki hefur verið úrskurðað um svæði á Vesturlandi en þar er málsmeðferð hafin og á lokastigi á hluta svæðisins. Eftir er að taka til meðferðar svæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Þjóðlendum sem úrskurðað hefur verið um eru innan staðarmarka eftirfarandi sveitarfélaga: Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Skagaströnd, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Langanesbyggð, Svalbarðshreppur, Norðurþing, Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur.

Nánari upplýsingar um Þjóðlendum er að finna á vef forsætisráðuneytisins og óbyggðanefndar:

<http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/thjodlendum/>

<http://obyggdanefnd.is/>

3. Viðfangsefni og áherslur eigendastefnu

3.1 Afmörkun verkefnis

Ákveða þarf á hvaða viðfangsefnum sem snerta stjórn-sýslu- og umsýsluhlutverk forsætisráðuneytisins þarf að taka. Í tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu sem lögð hefur verið fyrir Alþingi kemur m.a. fram að staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu skuli taka mið af sérstöðu þess.

3.2 Greining hagsmunaaðila

Skilgreindir verða þeir hagsmunaaðilar sem áhrif geta haft á mótun og framkvæmd eigendastefnu með einum eða öðrum hætti, sem og þeir sem stefnan mun hafa umtalsverð áhrif á.

3.3 Tengsl við aðra stefnumörkun og áætlanagerð

Tekið verður mið af rammaáætlun, áætlun um vernd og nýtingu landsvæða og landsskipulagsstefnu sem varðar svæði sem skilgreind eru sem þjóðlendur þegar hún liggur fyrir. Þar til landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt sem þingsályktun er í gildi svæðisskipulag fyrir miðhálandið. Þá verður tekið mið af stefnu sem mörkuð er í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndaráætlunum friðlýstra svæða, samgönguáætlun, stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, menningarstefnu í mannvirkjagerð og fleiri þáttum sem mörkuð hefur verið stefna um og geta varðað þjóðlendur.

3.4 Nýtingarréttur og gildandi samningar

Tekið verður saman yfirlit yfir þá aðila sem nú þegar hafa reist mannvirki á þjóðlendum og nýta auðlindir með eða án samninga.

4. Mótun eigendastefnu

4.1 Leiðarljós við ákvarðanatöku

Dregin verða saman megin sjónarmiðin í þeim áætlunum sem taka til þjóðlendna, þannig að skýr skilaboð fáiast um þau leiðarljós sem eigendastefnan skal byggja á.

4.2 Ráðstöfun lands og landsréttinda

Gera má ráð fyrir að eigendastefnan nái m.a. til eftirfarandi þátta:

Mörkuð verður stefna um gerð samninga um endurgjald fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni þar sem tekið verði tillit til sjónarmiða um sjálfbæra nýtingu og verndargildi þjóðlendna. Samráð verði haft við fjármála- og efnahagsmálaráðuneytið um skilyrði og gjaldtöku fyrir nýtingu á ríkisjörðum. Jafnframt verður mörkuð stefna um gerð þeirra samninga um nýtingu sem heyra undir sveitarstjórnir og hlutverk ríkisins í þeim tilvikum.

Mörkuð verður stefna um gerð lóðarleigusamninga á þjóðlendum í samráði við sveitarstjórnir sem hlut geta átt að máli.

Mörkuð stefna um leyfisveitingar þar sem tryggt verði að leyfi sveitarfélaga fyrir nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna séu í samræmi við lög, reglur og góða stjórn-sýsluhætti.

Mörkuð verður stefna um veitingu leyfa til rannsókna.

Mörkuð verður stefna um innlausnarrétt að leigutíma loknum

Sett verða ákvæði um endurskoðun og framfylgd eftir því sem við á.

4.3 Ráðstöfun tekna

Tekjum sem falla til vegna gjaldtöku fyrir afnot lands og landgæða innan þjóðlendna skal verja í þágu verkefna innan þjóðlendna. Mörkuð verður stefna um hvernig tekjum verður ráðstafað.


5. Kynning draga að eigendastefnu

Nú er leitað eftir ábendingum um þessa verkefnislýsingu, stefnur, áætlanir og sjónarmið sem kunna að eiga erindi í þá vinnu sem framundan er. Þegar drög að eigendastefnu liggja fyrir verða þau kynnt opinberlega með auglýsingu í fjölmiðlum og á heimasíðu forsætisráðuneytisins. Stefnt er að því að það verði í desember 2015. Hagsmunaaðilum verða jafnframt send drögin til umsagnar og athugasemda en allir sem þess óska geta sent inn athugasemdir.

6. Samþykkt eigendastefnu

Þegar unnið hefur verið úr athugasemdum og umsögnum er eigendastefnan lögð fyrir forsætisráðherra til samþykktar. Að fengnu samþykki forsætisráðherra öðlast eigendastefnan gildi og verður birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins.

Mynd 1
Yfirlitskort yfir þjóðlendur og friðlýst svæði



Miðast við september 2015